

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjald í Reykjavíkurborg nr. 725/2007.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr.:

1. málslíður 1. mgr. 8. gr. verður svohljóðandi:

Gatnagerðargjald skal lækkað eða fellt niður þegar svo stendur á, sem í a–g-lið þessarar máls- greinar segir:

Við 1. mgr. 8. gr. bætist nýr stafliður, g-liður, svohljóðandi:

g) Af sjálfstæðum gróðurhúsum skal gatnagerðargjald vera 1/3 hluti af venjulegu gatnagerðar- gjaldi vegna annars húsnæðis en íbúðarhúsa, sbr. 1. mgr. 6. gr.

Í stað „a-, b- eða c-liðum“ í 2. mgr. 8. gr. komi: a-, b-, c- eða g-liðum.

2. gr.

b-liður 1. mgr. 10. gr. verður svohljóðandi:

b) Greidd 15% og jafnframt gefið út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum. Skuldin skal vera verðtryggð með neysluverðsvísitölu og greiðast á 8 árum með 8 jöfnum greiðslum og bera 4,0% vexti. Skuldin skal tryggð með 1. veðrétti í viðkomandi lóð og mannvirkjum á henni, en vikur fyrir lánnum Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóða vegna húsbyggingar viðkomandi eftir að foheldisstigi er náð.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr.:

Í stað orðanna „innan 30 daga“ í 1. mgr. 12. gr. komi: innan 90 daga.

Þriðji málslíður 1. mgr. fellur brott.

Í 2. mgr. falla brott orðin „ásamt verðbótum“ og orðin „og skulu verðbætur reiknast frá greiðsludegi gatnagerðargjaldsins til þess dags, að niðurrifs eða brottflutnings er krafist.“

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða verði: Ákvæði til bráðabirgða I.

5. gr.

Við samþykktina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða II.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds vegna lóða sem úthlutað var eða byggingarleyfi var veitt á fyrir 4. mars 2009 skal verðbætt miðað við vísitölu neysluverðs frá greiðsludegi til endurgreiðsludags.

6. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af borgarráði í umboði borgarstjórnar Reykjavíkurborgar skv. heimild í 12. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald og öðlast þegar gildi.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 4. mars 2010.

Hanna Birna Kristjánsdóttir.